

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/2007

Útgáfufélagið Guðrún ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 24. mars 2007, hefur Útgáfufélagið Guðrún ehf. kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 27. febrúar 2007. Í hinni kærðu ákvörðun tók Samkeppniseftirlitið þrautavarakröfu áfrýjanda til greina og veitti DM ehf. heimild til að innheimta reikninga fyrir áfrýjanda til 1. júní 2007.

Af kæru áfrýjanda má ráða að hann krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að DM ehf. verði veitt ótímabundin undanþága til að innheimta reikninga fyrir hann.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Samkeppniseftirlitið lýsir málavöxtum svo að hinn 11. desember 2006 hafi eftirlitið tekið ákvörðun nr. 46/2006 vegna kaupa DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf. Málið hafi fjallað um samruna dreifingarfyrtækisins DM ehf., sem sinni bóka- ritfanga- tímarita- og skrifstofumarkaði, og Pennans hf., heildsölu- og smásölufyrtækis er selji bækur, tímarit, ritföng og skrifstofuvörur. Samruninn hafi verið heimilaður með skilyrðum og hafi eitt þeirra verið að DM ehf. væri óheimilt að sinna innheimtu reikninga fyrir þá aðila sem fyrirtækið dreifi bókum fyrir. Skilyrðinu væri ætlað að koma veg fyrir að samkeppnishömlur sem stafað geti af því að Pennasamstæðan fái í gegnum DM ehf. viðkvæmar upplýsingar um starfsemi keppnauta félagsins í bóka- og tímaritasölu. Ef DM ehf. myndi annast innheimtu reikninga fyrir t.d. bókaforlög myndi það fá upplýsingar um sölu- og viðskiptakjör keppnauta Pennans hf. í bóksölu. Ákvörðunin hafi átt að taka gildi í síðasta lagi 1. mars 2007. Þann 15. og 16. febrúar sama ár hafi áfrýjandi sent Samkeppniseftirlitinu bréf og óskað eftir tímabundinni og ótímabundinni undanþágu frá umræddu skilyrði ákvörðunarinnar. Með bréfi eftirlitsins, dags. 27. sama mánaðar hafi það, að undangenginni umsögn DM ehf., veitt DM ehf. heimild til að innheimta reikninga fyrir áfrýjanda til 1. júní 2007.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 16. apríl 2007. Athugasemdir áfrýjanda bárust 29. sama mánaðar og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins 7. maí 2007. Þá var málið sent DM ehf. til kynningar og fyrirtækinu veitur kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Bárust athugasemdir fyrirtækisins 7. maí 2007.

III.

Helstu málsástæður málsaðila

Málsástæður áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að miklir hagsmunir felist í því fyrir hann að láta DM ehf. annast reikningsgerð. Áfrýjandi reki lítið fyrirtæki og kjarnastarfsemin felist í að framleiða bækur og markaðssetja. Sökum smæðar starfseminnar hafi áfrýjandi valið þá leið að kaupa þjónustu á ýmsum sviðum. Áfrýjandi kveðst vera með bækur á lager í nokkrum löndum og á hverjum stað sjái lagerhaldari um að taka við pöntunum, pakka og senda, gera reikninga og innheimta. Hann geti ekki keppt við atvinnuvöruhús á sviði bókaafgreiðslu. Verði honum meinað að versla við DM ehf. muni það hafa umtalsverðan kostnað í för með sér. Telur áfrýjandi það ganga gegn markmiðum samkeppnislaga að banna DM ehf. að innheimta reikninga fyrir hann.

Málsástæður Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til þess að ekki séu forsendur til þess að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi. Áfrýjanda hafi þegar verið veittur viðbótarfrestur til þess að bregðast við hinum nýju aðstæðum. Hafi það verði gert sökum þess að það hafi dregist af hálfu DM ehf. að upplýsa áfrýjanda um breytta framkvæmd. Áfrýjandi sé bókaútgáfa og viðskiptavinir hans verslanir Pennans hf. og keppninautar Pennans hf. í sölu bóka sem hann gefi út. Þau samkeppnislegu rök sem liggi til grundvallar umræddu skilyrði ákvörðunar nr. 46/2006 eigi því við í tilviki áfrýjanda. Ekki standi efnisleg rök til þess að veita honum ótímabundna undanþágu. Sú staðreynd að áfrýjandi sé lítið fyrirtæki sé ekki nægjanleg í því sambandi. Hafa verði að hafa í huga að almenna reglan sé sú að fyrirtæki sinni sjálf eigin reikningsgerð og innheimtu.

IV. Niðurstaða

Upphaf mál þessa er eins og áður segir að með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 11. desember 2006 í máli 46/2006 var komist að þeirri niðurstöðu að samruni hafi átt sér stað milli dreifingarfyrtækisins DM ehf., sem sinnir bóka-, ritfanga-, tímarita- og skrifstofuvörumarkaði og Pennans hf., heildsölu- og smásölufyrtækis, sem selur bækur, tímarit, ritföng og skrifstofuvörur. Hafi samruni þessi átt sér stað er DM ehf., sem er fyrirtæki í eigu Tírufjársfestingar ehf., sem jafnframt er eigandi Pennans hf. að hluta til, keypti vöruhúsarekstur Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. í desembermánuði 2005.

Sátt náðist milli samrunaaðila og Samkeppniseftirlitsins og er skilmála hennar getið í ákvörðunarorðum fyrrgreindrar ákvörðunar. Ákvæði 7. gr. ákvörðunarorðanna hljóðar svo:

„DM ehf. er óheimilt að sinna innheimtu reikninga fyrir þá aðila sem þeir dreifa bókum og tímaritum fyrir. Þetta ákvæði tekur gildi í síðasta lagi 1. mars 2007.“

Með bréfum 15. og 16. febrúar 2007 til Samkeppniseftirlitsins óskaði áfrýjandi eftir undanþágu frá umræddu ákvæði en til vara að gildistöku ákvæðisins yrði frestað til áramóta 2007/2008. Til þrautavara var óskað eftir þriggja mánaða fresti frá því að niðurstaða umsóknar bærisk honum. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 27. febrúar 2007 var DM ehf. veitt heimild til að innheimta reikninga fyrir vörur sem fyrirtækið dreifði fyrir áfrýjanda fram til 1. júní 2007 og þrautavarakrafa áfrýjanda þannig tekin til greina.

Umræddu ákvæði 7. gr. ákvörðunarorða ákvörðunar nr. 46/2006 er eins og Samkeppniseftirlitið hefur bent á ætlað að koma í veg fyrir að Pennasamstæðan fái í gegnum DM ehf. viðkvæmar upplýsingar um sölu- og viðskiptakjör keppinauta samstæðunnar í bóka- og tímaritasölu. Með umræddri ákvörðun fór Samkeppniseftirlitið ekki út fyrir valdsvið sitt heldur fylgdi fram skyldum sínum samkvæmt samkeppnislögum.

Áfrýjandi stundar bókaútgáfu til dreifingar og sölu og eru viðskiptavinir félagsins jafnt verslanir Pennans hf. sem og aðrar verslanir sem eru í samkeppni við Pennann hf. Þau rök, sem liggja til grundvallar umræddu ákvæði ákvörðunarorða Samkeppniseftirlitsins, varða því verslanir sem eru í samkeppni við Pennasamstæðuna. Væri krafa áfrýjanda tekin til greina gæti það auðveldlega valdið þeim síðarnefndu tjóni og raskað þeirri samkeppni sem ríkir á markaðinum með óeðlilegum hætti. Hefur áfrýjandi hvorki sýnt fram á svo sérstakar né brýnar ástæður að þær réttlæti frávik. Af þessum sökum þykja ekki næg efni til þess að fallast á kröfur hans.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 27. febrúar 2007 er staðfest.

Reykjavík, 10. maí 2007

Stefán Már Stefánsson

Anna Kr. Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir